

Undirritaðir aðilar, annars vegar **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**, kt. 710812-0120, og hins vegar **Landbúnaðarháskóli Íslands**, kt. 411804-3590 gera með sér svohljóðandi:

Samning um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2020-2023

1. gr.

Markmið

Markmið samningsins er að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið felur Landbúnaðarháskóla Íslands að vinna að verkefnum er varða rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu líkt og nánar er tilgreint í samningi þessum.

Fjárframlögum samkvæmt samningi þessum skal varið til verkefna sem miða að því að styrkja megináherslur í landbúnaði samkvæmt stefnu stjórnvalda. Áhersla skal einkum lögð á:

- Nýsköpun og þróun nýrra afurða og framleiðsluaðferða.
- Verðmætasköpun og framþróun þekkingarlandbúnaðar.
- Hagnýt verkefni tengd virðisaukningu landbúnaðarafurða.
- Sjálfbærni matvælaframleiðslu.
- Auka samkeppnishæfni matvælaframleiðslu.
- Samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Rannsóknir í loftslags- og umhverfismálum.
- Aukið samstarf skólans við bændur og aðra matvælaframleiðendur, aðrar menntastofnanir og fyrirtæki.

2. gr.

Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands skal viðhalda og byggja upp gæðarannsóknir á eftirtöldum fræðasviðum:

- Frumframleiðsla og fæðuöryggi. Í því felast rannsóknir á sviði jarðræktar, búfjárræktar og garðyrkju.
- Sjálfbær landbúnaður og nýsköpun í landbúnaði, þar með talin landbúnaðarhagfræði.
- Umhverfis- og loftslagsrannsóknir.
- Landgræðsla og landnýting.
- Vinna að verkefnum á sviðum loftslagsmála, flokkun lands, mælingar á bindingu og losun gróðurhúsalofttegunda

Með hliðsjón af markmiðum samningsins skal Landbúnaðarháskóli Íslands vinna eftirfarandi verkefni fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið:

- Greina afkomu sauðfjárþænda og tillögur til að styrkja hana.
- Greina tækifæri til aukinnar ylræktar á Íslandi og tillögur til að styrkja þá starfsemi.
- Leiðir til að styrkja sérstöðu íslenskra búvara á markaði.
- Greina tækifæri til að auka framleiðni í landbúnaði og virðisaukningu landbúnaðarafurða og tillögur þar að lútandi.
- Tryggja betur aðkomu þænda að kennslu og rannsóknum við skólann, m.a. í samstarfi við Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins, meðal annars með því að færa rannsóknir að hluta í sveitirnar.
- Greina fæðuöryggi á Íslandi.
- Skilgreina og undirbúa verkefni á sviði loftslagsmála um flokkun lands, mælingar á bindingu og losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. um að bera saman losunartölur og losun frá framræstu landi á milli Íslands og annarra landa.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal hafa samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um tímasetningu og forgangsörðun verkefnanna.

Landbúnaðarháskólinn skal auk þess sinna eftirfarandi verkefnum samkvæmt samningi þessum:

- Að veita atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu ráðgjöf á fræðasviði skólans.
- Að veita ráðgjöf, þar með kortagerð, og forsendugreining, vegna markmiða um vernd ræktarlands.
- Að upplýsa og kynna fyrir ráðuneytinu og viðeigandi hagsmunaaðilum niðurstöður sem að skipta máli fyrir þróun landbúnaðarins og matvælaframleiðslu.
- Að stunda rannsóknir, nýsköpunar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði og umhverfisvísindum á þeim fræðasviðum sem samningurinn nær til og viðhalda þekkingu sem hefur grundvallarþýðingu fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal veita stjórnvöldum ráðgjöf og eftir atvikum sinna stjórnsýsluverkefnum í umboði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, svo sem með setu í stjórn stofnana og þátttöku í vinnu starfshópa. Skólinn skal einnig veita ráðgjöf við vinnslu einstakra verkefna sem tengjast stefnumótun eða öðrum verkefnum á sviði ráðuneytisins.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal byggja upp og viðhalda nauðsynlegri færni innan fagsviða á sviði landbúnaðar. Skólinn skal jafnframt leggja til nauðsynlegan mannafla og aðstöðu til að leysa úrlausnarefni sem kveðið er á um í samningi þessum. Þá skal haft samráð við hagsmunaaðilar eftir því sem við á hverju sinni. Ráðgjöf skal veitt á í hæsta vísindalega gæðaflokki og viðhalda skal samfelli í starfsemi sem hún byggist á. Áhersla skal lögð á lausnaleit og nýsköpun sem hafa hagrænt gildi og fyrir jákvæða þróun landbúnaðarins.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal kynna rannsóknarniðurstöður fyrir aðilum í landbúnaði og vísindasamfélaginu svo sem með því að halda málþing eða vinnufundi. Þá skal skólinn upplýsa ráðuneytið um fréttir, skýrslur, ráðstefnur og aðra viðburði sem hafa þýðingu fyrir starfsemi þess auk þess sem ráðuneytinu skuli kynnt eftir föngum upplýsingar sem til stendur að birta, hafi þær mikla þýðingu fyrir opinbera umræðu og almennt í samfélaginu.

3. gr.

Hlutverk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skal stuðla að því að Landbúnaðarháskóli Íslands hafi aðgang að viðeigandi gögnum og upplýsingum sem að unnin eru og safnað af ráðuneytinu og stofnunum þess. Þá skal ráðuneytið upplýsa um stefnumörkun stjórnvalda sem áhrif hefur á starfsemi skólans, sbr. 1. gr. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir fjárframlög til Landbúnaðarháskóla Íslands í samræmi við ákvæði 6. gr.

4. gr.

Upplýsingagjöf

Samningsaðilar skulu upplýsa hvort annan um allt það sem kann að hafa þýðingu við framkvæmd samnings þessa. Samningsaðilar skulu funda reglulega þar sem farið er yfir helstu atriði tengd framkvæmd samningsins, eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal fyrir 1. mars ár hvert senda ráðuneytinu skýrslu um framgang þeirra verkefna sem að kveðið er á um í samningi þessum.

5. gr.

Greiðslutilhögun

Heildargreiðsla fyrir samningsverkefnið á árinu 2020 eru kr. 210.700.000. Greiðslur vegna áráanna 2021, 2022 og 2023 verða í samræmi við fjárlög hvers árs.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skal greiða Landbúnaðarháskóla Íslands jafnar mánaðarlegar greiðslur frá og með undirritun samnings þessa. Greiðslur eru háðar því að Landbúnaðarháskólinn skili árlega skýrslu um framgang verkefna sem kveðið er á um í samningi þessum, sbr. 4. gr.

Allur kostnaður Landbúnaðarháskóla Íslands, hverju nafni sem nefnist, er innifalinn í þeim greiðslum sem ráðuneytið skal inna af hendi samkvæmt samningi þessum. Heildarfjárskuldbinding ráðuneytisins á samningstímanum takmarkast við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í samningi þessum og er háð ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni. Ráðuneytið mun ekki greiða dráttarvesti ef greiðsla dregst og greiðslur bera hvorki vexti né verðtryggingu.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu lagðar inn á bankareikning Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 354-26-4533.

6. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2023.

Hvanneyri, dags. 21. febrúar 2020

Kristján Þór Júlíusson

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir

Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands